

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2984
komudagur 6.6.2008

Samgöngunefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritar
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. júní 2008
Tilvísun: 2008050078/2.13.1
HrH/BH
28.maí 2008.

Efni: Umsögn um þingsályktun um yfirtöku ríkisins á Speli ehf. og niðurfellingu veggjalds um Hvalfjarðargöng, 170 mál.

Vegagerðin telur að ekki sé rétt að ríkið yfirtaki Spöl ehf og felli niður veggjald í Hvalfjarðargöngum, og fella þar með kostnaðinn á ríkið, yfir 5 milljarða. Eru þá ekki síst eftirfarandi þættir hafðir í huga.

- Sjálfstæður aðili gerir samning við ríkisvaldið um þessa framkvæmd og verða þá báðir aðilar að geta treyst því að samningurinn standi. Sé það ekki unnt, er brostinn grundvöllur fyrir allri einkaframkvæmd í þessum geira.
- Með því að ráðist var í Hvalfjarðargöng á sínum tíma var í raun verið að færa þau fram í framkvæmdaröðinni miðað við það sem stjórnvöld treystu sér til. Það var gert á þeim forsendum að vegfarendur greiddu gjald. Það væri í hæsta máta ósanngjarnt að unnt væri að kaupa sig inn í röðina með þessum hætti og fella síðan kostnaðinn á ríkissjóð eftir einhver ár.
- Ef gjaldtöku væri hætt mundi vegafé væntanlega lækka til annarra framkvæmda sem því næmi. Þörfin fyrir vegafamkvæmdir er hvarvetna svo brýn að vegasjóður má alls ekki við slíkum búsigjum.
- Vegagerðin telur rétt að halda áfram töku veggjalds til a.m.k ársins 2018 eins og áformað hefur verið og nota þær tekjur sem falla til eftir að núverandi göng hafa verið greidd, 2014 - 2015, til að greiða hluta kostnaðar við tvöföldun ganganna ekki síst til að auka umferðaröryggi.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.